

13. gr.

Nú verður ekki fyrir lok febrúarmánaðar 1950 sett löggjöf, er leysi til frambúðar rekstursvandamál bátaútvegsins, að dómi ríkisstjórnarinnar, þá framlengist gildi laga þessara þar til slík löggjöf verður sett, þó ekki lengur en til 15. maí 1950, og hækkar þá framlag ríkissjóðs samkvæmt 5. gr. um kr. 2 500 000.00, en hlutfallslega minna, ef ábyrgðin fellur niður fyrir 15. maí.

1

14. jan.

14. gr.

Til þess að standa straum af greiðslum vegna ábyrgðar ríkissjóðs, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, til 1. marz 1950, skulu ákvæði III. kafla laga nr. 100/1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, gilda til 1. marz 1950, að undanteknum d-, e- og f-liðum 30. gr. laganna.

15. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að veita útgerðarmönnum þeirra skipa, er sildveiðar stunduðu fyrir Norðurlandi sumarið 1949, fyrirgreiðslu samkvæmt 2. gr. laga nr. 85 frá 15. des. 1948, enda gildi ákvæði þeirra laga um framkvæmd aðstoðarinnar, eftir því sem við á.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán í þessu skyni, allt að einni og hálfri milljón króna.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 14. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

2

14. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Frá 1. janúar 1950 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
- a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aorum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 200% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2 B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 65% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem
14. jan. taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar
vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, brennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikja-
samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Ekki er heimilt að hækka álagningu verzlana á vörur vegna tollahækkana sam-
kvæmt lögum þessum, og er verðlagsyfirvöldum skylt að sjá um, að svo verði ekki
gert, annaðhvort með því að banna álagningu á tollahækkunina eða með því að
breyta verðlagsákvæðum þannig, að álagningin hækki ekki að krónutölu vegna toll-
hækkunarinnar frá því, sem er við gildistöku laga þessara.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1950.

Gjört að Bessastöðum, 14. janúar 1950.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.